Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 21. Apríl 2026, fundur hófst kl 19:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Blöndahl, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir

Fjarverandi:

1. **Hreinsunardagur**
   Allt að verða klárt fyrir hreinsunardagin, búið að panta gáma og áhöld hjá sveitarfélögunum. Ítreka daginn með auglýsingum á miðlunum. Berglind og Bjössi sjá um þetta.

2. **Firmakeppni**
   Dómari og verðlaun klár, börn á hringvellinunm, aðrir á beinu brautinni. Hrafnhildur verður þulur á einhverjum flokkum en það verður þörf á öðrum. Glæsilegasta parið verður verðlaunað, komin er tillaga að verðlaunum fyrir það. Mikilvægt er að prófa hátalarakerfið daginn áður.

3. **Menntastefna þjálfara**
   Menntastefna þjálfara verður haldin á Hólum í haust. Rætt lauslega en þetta tengist vegferð Spretts að vera fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Verður tekið fyrir á næsta fundi.

4. **Áhugamannadeild**
   Rætt um lokakvöld áhugamannadeildarinnar sem haldið var sameiginlega með 1.deildinni að afloknu góðu keppnistímabili sem tókst með ágætum.

5. **Æskulýðsdeild.**
   Fatamálin rædd meira með Ingu Berg og Þórunni Hannesdóttur og skoðað í samhengi við fréttir af því hvað önnur félög á höfuðborgarsvæðinu er að bjóða sínum félagsmönnum en það virðist vera talsvert mismunandi, bæði með verð og útfærslu. Æskulýðsnefnd leggur til merkan skeljakka 10 ára og eldri fyrir Við síðustu fatakaup voru keyptar ca. 60 flíkur.

6. **Mottur í rennu Samskipahallarinnar**
   Sævar skoðaði fleiri möguleka og ákveðið var að festa kaup á einum þeirra og setja í fyrstu á hluta rennunnar í Samskipahöllinni, frá mölinni að salernunum.

Fundi slitið kl. 20:10

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson